

Viðtakandi: Fjárlaganefnd Alþingis

Sendandi: Hagstofa Íslands


Dags.: 22. nóvember 2023

Efni: **Breytingar í þjóðhagsspá.**

Hagstofa Íslands gaf út nýja þjóðhagsspá föstudaginn 17. nóvember. Í þessu minnisblaði verður farið sérstaklega yfir helstu breytingar frá fyrri þjóðhagsspá sem kom út í júní síðastliðnum en almenna yfirferð er að finna í Hagtíðindahefti sem inniheldur þjóðhagsspá í nóvember á vef Hagstofunnar.

Yfirlit

Í nýrri þjóðhagsspá er spáð 3,6% hagvexti árið 2023 og 2,1% árið 2024. Það er minnkun á hagvexti um 0,4 prósentur milli spáa bæði árin. Breytinguna fyrir 2023 má að hluta rekja til endurskoðunar á þjóðhagsreikningum í ágúst en þar var hagvöxtur fyrir árið 2022 endurmetinn upp á við um 0,8 prósentur. Að öllu öðru óbreyttu hefur það grunnáhrif til lækkunar í ár. Í nýrri spá er framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar meira miðað við júnispá fyrir árin 2023 og 2024 en á sama tíma minnkar vægi innlendra eftirspurnar. Einnig er um efnislega endurskoðun á horfum að ræða, einkum í einkaneyslu, fjárfestingu og útflutningi.



Einkaneysla og vinnumarkaður

Einkaneysla árið 2023 lækkar lítillega milli spáa. Gert var ráð fyrir 2,3% vexti í sumar en 1,7% í nóvember. Kortavelta og innflutningur neysluvara hafa dregist saman hraðar en gert var ráð fyrir í sumar. Vinnumarkaðurinn er hins vegar enn sterkur og ekki er mikið um breytingar milli spáa. Atvinnuleysið í ár verður lítillega lægra og fólksfjölgun aðeins meiri. Meðalvinnutími og þátttökuhlutfall er óbreytt. Heildarvinnustundir verða þ.a.l. fleiri í ár en gert er ráð fyrir að þeim fjölgi um 4,4% samanborið við 3,8% í síðustu þjóðhagsspá.

Á næsta ári er gert ráð fyrir að einkaneysla aukist um 1,9% samanborið við 2,2% í síðustu spá. Verðbólga og vextir eru að hækka milli spáa sem hefur neikvæð áhrif á ráðstöfunartekjur ásamt minni hagvexti. Litlar sem engar breytingar eru á vinnumarkaðinum milli spáa. Gert er ráð fyrir að heildarvinnustundum fjölgi um 1,3% samanborið við 1,4% síðast. Gert er ráð fyrir meiri launahækkunum en einnig meiri verðbólgu þannig að raunlaunahækkningar eru svipaðar og í síðustu spá, eða 1,1% samanborið við 0,9% síðast.

Samneysla

Samneysla í ár lækkar úr 2% í 1,8% einkum vegna grunnáhrifa en vöxtur samneyslu á síðasta ári reyndist 2,2% en ekki 1,6% eins og áður var talið. Á móti kom lítillæg hækkun í nýrri áætlun ársins í fjárlögum 2024 frá því sem var í síðustu fjármálaáætlun. Árið 2024 lækkar vöxturinn um 0,4 prósentustig milli spáa vegna breyttra áætlana fyrir ríkissjóð.

Atvinnuvegafjárfesting

Spá fyrir fjárfestingu í atvinnuvegum lækkar fyrir árin 2023 og 2024. Lækkun fyrir árið 2023 má m.a. rekja til minni fjárfestingar í stóriðju og orkutengdum greinum en gögn fyrir fyrri hluta árs benda til minni vaxtar á árinu í heild en innsendar áætlanir gáfu til kynna í júní. Einnig minnkar almenn atvinnuvegafjárfesting, sem undanskilur stóriðju og orkutengdan iðnað, skip og flugvélar, lítillaga bæði árin 2023-4 sem má að hluta rekja til þrengri fjármögnunarskilyrða miðað við júnispá.

Opinber fjárfesting

Samdráttur opinberar fjárfestingar eykst á milli spáa úr 5,3% í 8,1%. Ástæður þess er helst lítill fjárfesting sveitarfélaga en hjá þeim var meiri samdráttur á fyrri helmingi ársins en gert var ráð fyrir en einnig grunnáhrif frá fyrra ári þegar að opinber fjárfesting fór úr 0,9% samdrætti í 3,3% vöxt. Árið 2024 dregur úr vexti opinberar fjárfestingar á milli spáa úr 2,3% í 0,5% einkum vegna lægri áætlunar ríkissjóðs.

Íbúðafjárfesting

Íbúðafjárfesting lækkar úr 5,2% vexti í 1,3% samdrátt árið 2023. Breytingin er einkum vegna rauntalna á fyrri helmingi ársins auk þess sem virðist hafa hægt á framvindu verkefna. Árið 2024 er farið úr 3,3% vexti í 4,1% samdrátt einmitt þar sem hægt hefur á framvindu og nýjum verkefnum fækkað sem leiðir til færri fullkláraðra íbúða. Stuðst er við nýja spá HMS á fullbúnum íbúðum sem byggir á talningu þeirra.

Utanríkisviðskipti

Framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar árið 2023 eykst úr 1,5% í júní í 2,2% í nóvemberspá. Innflutningur skýrir aukninguna að miklu leyti þar sem framlag útflutnings dregst saman milli spáa. Spáð er 6,2% vexti útflutnings í ár en í júní var gert ráð fyrir 8,3% aukningu og stafar munurinn einkum af minni útflutningi sjávarafurða og grunnáhrifum vegna endurskoðunar þjóðhagsreikninga á útflutningi til hækkunar árið 2022. Minna neikvætt framlag innflutnings til hagvaxtar skýrist af minni vöruinnflutningi það sem af er ári en jafnframt af færri ferðalögum Íslendinga erlendis. Talið er að vöxtur innflutnings verði 1,6% í ár en í júní var gert ráð fyrir 5,1%. Útflutningur árið 2024 er talinn vera 3,7% og eykst frá júnispá.

Viðskiptajöfnuður

Útlit er fyrir að afgangur mælist á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd í ár en í þjóðhagsspá í júní var gert ráð fyrir halla. Ástæðurnar má einkum rekja til endurskoðunar

Hagstofunnar á tölum ársins 2022 sem leiddi til meiri bata en áður hafði verið talið, en jafnframt vegna minni innflutnings á liðandi ári. Gert er ráð fyrir afgangi á viðskiptajöfnuði í ár en á fyrri helmingi ársins reyndist afgangur á jöfnuði þáttatekna og rekstrarframlaga. Áætlað er að viðskiptaafgangurinn fari vaxandi er líða tekur á spátímamann samhliða jákvæðu framlagi utanríkisviðskipta til hagvaxtar og verði að jafnaði um 1% af VLF.

Verðþróun

- **Verðbólga**

Spá fyrir verðbólgu er óbreytt fyrir árið 2023 eða 8,7% að meðaltali en árið 2024 er reiknað með að verðbólga hjaðni hægar en í sumarspá og verði 5,7%.

- **Olíuverð**

Olíuverð hækkaði meira á þriðja ársfjórðungi en gert var ráð fyrir í júlí. Því er gert ráð fyrir að olíuverð lækki minna eða að jafnaði um 14,9% í ár í stað 20,1% í júlí. Að sama skapi hækkar spáin fyrir næsta ári þegar að gert er ráð fyrir að olíuverð hækki um 1,6% í stað 6,8% lækkunar í júlí.

- **Álverð**

Eftirspurn eftir áli hefur dregist saman í ár á sama tíma og framboð hefur aukist með lækkandi orkuverði. Búist er við að ál lækki um 20,2% að jafnaði í ár en í júlí var gert ráð fyrir 14,9% lækkun. Á næsta ári er reiknað með að álverð verði að mestu óbreytt en í júlí var gert ráð fyrir 1,9% hækkun.

- **Aðrar hrávörur**

Verð flestra matvara hefur lækkað töluvert í ár, þó hægt hafi á lækkunum síðustu mánuði. Því er búist við því að verð annarra hrávara lækki minna en gert var ráð fyrir í júlí eða um 9,6% í stað 10,9%. Á næsta ári er hins vegar búist við meiri lækkun en í júlí eða 2,7% í stað 0,4%.

	2022*	2023	2024	2025
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	8.5 (8.6)	1.7 (2.3)	1.9 (2.2)	2.4 (2.7)
Samneysla <i>Government final consumption</i>	2.2 (1.6)	1.8 (2)	1.6 (1.7)	0.8 (0.8)
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	7.6 (6.9)	-0.7 (2.3)	0.4 (3.4)	3.9 (1.9)
Atvinnuvegaljáfesting <i>Business investment</i>	15 (15.2)	1.7 (3.5)	1.9 (3.7)	3.6 (1.6)
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði <i>Housing investment</i>	-6.2 (-6.3)	-1.3 (5.2)	-4.1 (3.2)	5.4 (3.2)
Fjárfesting hins opinbera <i>Public investment</i>	3.3 (-0.9)	-8.1 (-5.3)	0.5 (2.1)	2.9 (1)
Þjóðarútgjöld alls <i>National final expenditure</i>	6.6 (6.4)	1.4 (2.5)	1.5 (2.3)	2.3 (2)
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports cf goods and services</i>	22.3 (20.6)	6.2 (8.3)	3.7 (3.3)	3 (2.8)
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Import cf goods and services</i>	19.9 (19.7)	1.6 (5.1)	2.3 (2.8)	2.4 (2)
Verg landsframleiðsla <i>Gross domestic product</i>	7.2 (6.4)	3.6 (4)	2.1 (2.5)	2.6 (2.4)
Vöru- og þjónustujöfnuður (% af VLF)				
<i>Goods and services balance (% cf GDF)</i>	-0.4 (-0.7)	0.1 (-0.9)	0.5 (-0.9)	0.9 (-0.4)
Viðskiptajöfnuður (% af VLF)				
<i>Current account balance (% cf GDF)</i>	-2 (-1.6)	0.1 (-1.1)	0 (-1.6)	0.4 (-1)
VLF á verðlagi hvers árs, ma. kr. <i>Nominal GDP, billion ISK</i>	3797 (3766)	4199 (4190)	4520 (4517)	4818 (4779)
Verðvísitala VLF	9 (9.1)	6.8 (7)	5.5 (5.7)	3.9 (3.9)
Vísitala neysluverðs <i>Consumer price index</i>	8.3 (8.3)	8.7 (8.7)	5.6 (4.9)	3.6 (3)
Gengisvísitala <i>Exchange rate index</i>	-3 (-3)	2.2 (3.9)	-1.1 (0)	0 (0)
Raugengi <i>Real exchange rate</i>	3.9 (3.9)	1 (-0.7)	3.4 (1.6)	1.2 (0.7)
Atvinnuleysi (% af vinnuafli)				
<i>Unemployment rate (% cf labour force)</i>	3.8 (3.8)	3.5 (3.7)	4 (4)	4.2 (4.1)
Kaupmáttur launa <i>Real wage rate index</i>	0 (0)	0.9 (0.2)	1.1 (0.9)	1 (1.1)
Hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum <i>GDP growth in main trading partners</i>				
	3.2 (3.4)	1.2 (1.1)	1.3 (1.4)	1.8 (1.9)
Alþjóðleg verðbólga <i>World CPI irflation</i>	7.6 (7.6)	5.3 (5.5)	3.2 (3)	2.3 (2.2)
Verð útflutts áls <i>Export price cf aluminum</i>	31.4 (31.4)	-20.2 (-14.9)	-0.1 (1.9)	5.5 (4.7)
Olíuverð <i>Oil price</i>	39.8 (39.8)	-14.9 (-20.1)	1.6 (-6.8)	-6.3 (-4)

* Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*